


2. stigs hegðunarbrot – ferli í 1.- 6. bekk



3. stigs hegðunarbrot – ferli í 1.-6. bekk



Nemandi sýnir hegðun sem ógnar öryggi samnemenda og/eða starfsfólks.

Kennari eða stuðningsfulltrúi fer til hliðar með nemanda. Ef hann neitar að koma þá sækir viðkomandi aðstoð til stjórnanda.

Ef ekki næst í stjórnanda má hringja í ritara sem aðstoðar við að finna stjórnanda.

Nemanda er fylgt afsíðis. Stuðningsfulltrúi situr með nemanda ef mögulegt er. Skrifstofan er látin vita ef þörf er á að manna afleysingu fyrir matar og kaffihlé og ef skipulag á svæði krefst þess.

Ef stuðningsfulltrúi er ekki til staðar getur kennari leitað til stjórnanda/skrifstofu eftir aðstoð.

Nemandinn fær tækifæri til að róa sig, ekki ræða mikið við nemanda á þessu stigi, stundum þarf að hughreysta og hlusta.

Umsjónarkennari skráir og lætur vita heim ásamt því að boða foreldra og stjórnanda á fund daginn eftir.


Nemandi vinnur í áætlun og þau verkefni sem liggja fyrir en ef hann er ekki tilbúinn til þess er hægt að fá nemanda önnur verkefni (t.d. teikna frjálst, púsla, lita).

Daginn eftir er fundað með foreldrum og nemanda ásamt námsráðgjafa og stjórnanda þar sem farið er yfir atburðinn og framhaldið. Áhersla lögð á hvernig framhaldið sé og hvort hægt sé að treysta viðkomandi til að leggja sig betur fram. Áhersla er lögð á lausnamiðaðan fund og ljúka málinu.

Umsjónarkennari er með á þessum fundum eftir aðstæðum.

Umsjónarkennari ásamt stuðningsfulltrúa metur í hverju tilviki fyrir sig, hversu lengi nemandi dvelur í einveru. Fer það bæði eftir alvarleika brots og hvort hægt er að treysta nemandanum til að fara aftur í tíma. Vinnureglan er sú ef eitthvað gerist snemma dags þá getur nemandi farið aftur í tíma í næstu lotu. Ef nemandi er allan daginn á skrifstofu borðar hann hádegismat þar.

2. stigs hegðunarbrot – ferli í 7.-10. bekk



Þegar nemandi hefur 3 sinnum á 2 vikum verið vikið úr tíma eða á skrifstofu vegna truflandi eða óæskilegrar hegðunar þá er málinu vísað til námsráðgjafa/skólastjóra og fer málið í 3. stigs ferli.

3. stigs hegðunarbrot – ferli í 7.-10. bekk



Nemandi sýnir hegðun sem ógnar öryggi samnemenda og/eða kennara.

Kennari eða stuðningsfulltrúi fer til hliðar með nemanda. Ef hann neitar að koma þá sækir viðkomandi aðstoð til stjórnanda.

Ef ekki næst í stjórnanda má hringja í ritara sem aðstoðar við að finna stjórnanda.

Stjórnandi tekur við nemandanum og finnur honum stað til vinna.

Nemandinn fær tækifæri til að róa sig, ekki ræða mikið við nemanda á þessu stigi, stundum þarf að hughreysta og hlusta. Skólastjórnandi skráir málið og úrvinnslu þess og gerir umsjónarkennara grein fyrir úrvinnsluferlinu eins fljótt og unnt er.

Skólastjórnandi/umsjónarkennari boðar foreldra á fund í upphafi næsta dags í samvinnu við viðkomandi kennara eða umsjónarkennara eftir atvikum og námsráðgjafa.

Daginn eftir er fundað með foreldrum og nemanda ásamt og stjórnanda og námsráðgjafa þar sem farið er yfir atburðinn og framhaldið. Áhersla lögð á það hvernig framhaldið sé og hvort hægt sé að treysta viðkomandi til að leggja sig betur fram. Áhersla er lögð á lausnamiðaða fundi og málinu sé lokið að fundi loknum.

Nemandi vinnur í áætlun en ef hann er ekki tilbúinn til þess fær nemandi önnur verkefni. Stjórnandi metur hvert tilvik fyrir sig, hversu lengi nemandi dvelur á skrifstofu. Fer það bæði eftir alvarleika brots og hvort hægt er að treysta nemandanum til að fara aftur í tíma.

Ef nemanda er vísað úr tíma fyrir fyrri frímínútur þá dvelur hann fram yfir hádegismat á skrifstofu og sækir tíma eftir hádegi ef hann er samstarfsfús.

Kennari sendir nemandann með skólatöskuna með sér svo hann geti nýtt tímann til vinna.